

9. Fyrir hvern stórgrip á vetur settan samkvæmt skýrslu forðagæzlumanns kr. 75.00.
10. Fyrir vatn til bílaþvotta: vörubílar kr. 175.00 árleg greiðsla.
11. Fyrir vatn til bílaþvotta: fólksbílfreiðir kr. 90.00 árleg greiðsla.
12. Fyrir vatn til bílaþvotta: jeppar kr. 90.00 árleg greiðsla.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Dalvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. október 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

17. október 1969.

Nr. 266.

REGLUGERÐ

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Borgarneskauptún nr. 12
20. febrúar 1930, sbr. auglýsingu nr. 4 6. janúar 1948
og reglugerð nr. 54 11. apríl 1960.**

1. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

- a. Skip, sem heima eiga í Borgarnesi og minni eru en 20 brúttórúmllestir, skulu greiða lestargjald einu sinni á ári, kr. 14.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Sama gjald greiða og geymsluskip, þótt stærri séu en 20 brúttórúmllestir. Undanþágu frá þessu getur hafnarstjóri veitt smábátum, sem greiða ekki bryggjugjald.
- b. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip þau, sem um getur í staflið c þessarar greinar skulu greiða kr. 1.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Innlend fiskiskip skulu eigi greiða lestargjald þetta oftast en einu sinni í mánuði, en strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun greiða hálf gjald.
- c. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestargjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi vörur. Sama gildir um skip, sem leita hafnar til þess að rétta áttavita, fá skipshafnir eða leggja á land sjúka menn eða látna. Gjaldldagi lestargjalds skv. a. lið þessarar greinar skal vera 1. marz ár hvert. Annars er lestargjaldið þegar fallið í gjaldldaga, er skipið hefur varpað akkerum á hafnarsvæðinu, eða lagst að bryggju.

2. gr.

25. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

1. flokkur: Gjald kr. 10.00 fyrir hvert tonn: Ís, nýr fiskur, afli fluttur á land, mjólk.
2. flokkur: Gjald kr. 30.00 fyrir hvern rúmmetra: Trjáviður og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli, þar með talin húsgögn, kork, vikurplötur, tómir ísfiskkassar.

3. flokkur: Gjald kr. 1.70 hvert stykki og kr. 20.00 hvert tonn: Síldar og gotutunnur og aðrar líkar tómar tunnur, endursendar umbúðir og kassar, kornvörur, sykur, smjör, smjörlíki, áburður, hey, beita, laus vikur, gips, salt, kol, gærur.
4. flokkur: Gjald kr. 30.00 fyrir hvert tonn: Salfiskur óverkaður, laus og þakk-aður, ísfiskur, freðsíld og frosinn fiskur, laus og í kössum, kjöt, húðir, ull, mör og aðrar landbúnaðarvörur ótaldar annars staðar.
5. flokkur: Gjald kr. 34.00 fyrir hvert tonn: Blý, eldfastur leir, járnror, smíðajárn, saumur, akkeri, keðjur, girðingarjárn, fiskilínur, kaðall, hessían, mótórar, vélahlutir, fiski- og síldarmjöl, sement og pappírspokar.
6. flokkur: Gjald kr. 40.00 fyrir hvert tonn: Harðfiskur, sundmagi, salfiskur verkaður, niðursoðnar fiskafurðir, fiskflök, ný og frosin, lýsi, hvalkjöt, reyktur fiskur.
7. flokkur: Gjald kr. 4.70 fyrir hvert stykki: Sauðfé, tómar stáltunnur, lýsis- og smurolíuföt, gotutunnur og síldartunnur, fullar öltunnur og gosdrykkjakassar fullir.
8. flokkur: Gjald kr. 54.00 fyrir hvert tonn: Brennsluolíur og benzín (laus í í geymi).
9. flokkur: Gjald kr. 8.50 fyrir hvert stykki: Lýsisföt, smurnings- og steinolíuföt full.
10. flokkur: Gjald kr. 40.00 fyrir hver 100 kg.: Dúnn, fiður, glysvarningur og þess háttar vörur, sælgætisvörur, glervörur, leðurvörur og leikföng.
11. flokkur: Gjald kr. 25.00 fyrir hvert stykki: Mótórhjól, hross, nautgripir, hljóðfæri, kæliskápar, þvottavélar og hevvinnuvélar.
12. flokkur: Gjald kr. 80.00 fyrir hver 100 kg.: Tóbaksvörur, vín og vínandi.
13. flokkur: Gjald kr. 100.00 fyrir hvert tonn: Allar aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir þyngd og ekki heyra undir aðra flokka.

3. gr.

37. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggí við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 17. október 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.